

Samskiptareglur kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins

Kjörnir fulltrúar starfa samkvæmt,

- Sveitarstjórnarlögum nr.138/2011
- Lögum og reglum sem gilda um ákveðna málaflokka
- Samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins
- Siðarreglum kjörinna fulltrúa
- Samþykktum fjárhagsáætlunum

Bæjarstjóri er yfirmaður stjórnarsýslu sveitarfélagsins og alls starfsliðs.

Einstakir kjörnir fulltrúar hafa ekki umboð til að gefa starfsmönnum fyrirmæli eða óska eftir gögnum eða upplýsingum hjá þeim og skulu ekki hafa bein áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir. Skv. 21. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins skulu kjörnir fulltrúar senda beiðni til bæjarstjóra ef þeir óska eftir gögnum eða upplýsingum, bæjarstjóri kemur þeim óskum áfram til viðeigandi starfsmanns ef við á. Jafnframt á bæjarfulltrúi greiðan aðgang að bókum og skjölum bæjarins sem liggja fyrir og heimill aðgangur að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í samráði við bæjarstjóra.

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að reka erindi bæjarbúa við einstaka starfsmenn og vilji kjörinn fulltrúi koma máli í farveg skal það gert innan viðkomandi nefndar eða fyrir milligöngu bæjarstjóra. Erindi sem íbúar óska eftir að tekin séu fyrir eiga almennt að fara í gegn um íbúagátt eða send á netfang sveitarfélagsins afgreidsla@hornafjordur.is.

Starfsmönnum er óheimilt að leita til kjörinna fulltrúa varðandi málefni er lýtur að launakjörum og starfsumhverfi, enda eru kjörnir fulltrúar ekki yfirmenn stjórnarsýslunnar.

Ef starfsmaður er kjörinn fulltrúi skal hann leitast við að vera meðvitaður um hvaða hlutverki hann gegnir hverju sinni og haga störfum sínum samkvæmt því.

Samþykkt í bæjarstjórn 8. febrúar 2023

Sigurjón Andrésson

bæjarstjóri